

## Endurskoðunarnefnd

Árið 2013, föstudaginn 22. nóvember, var haldinn 58. fundur endurskoðunarnefndar Reykjavíkurborgar. Fundurinn var haldinn í Tjarnargötu 12, 3.hæð, og hófst kl. 13.04. Viðstödd voru: Ólafur B. Kristinsson, Inga Björg Hjaltadóttir og Sigrún Guðmundsdóttir. Fundarritari var Hallur Símonarson.

### Þetta gerðist:

1. Lagður fram spurningalisti í tengslum við sjálfsmat endurskoðunarnefndar. Spurningarnar varða sjálfsmat nefndarinnar á störfum síðasta starfsárs og hefur þeim öllum verið svarað og niðurstaðan staðfest af öllum sem skipuðu nefndina á síðasta starfsári. Spurningalistinn ásamt niðurstöðum samþykktur á fundinum.
2. Kynnt störf endurskoðunarnefndar. Jón Gnarr, borgarstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.
3. Rætt um endurskoðunaráætlun Innri endurskoðunar.
4. Kynning á níu mánaða árshlutareikningi Reykjavíkurborgar.

Birgir Björn Sigurjónsson, fjármálastjóri, Gísli Hlíðberg Guðmundsson, borgarborgari, Halldóra Káradóttir, skrifstofustjóri fjármála og Sigurrós Ásta Sigurðardóttir taka sæti á fundinum undir þessum lið.

### Fundi slitið kl. 16.28

Sigrún Guðmundsdóttir

Ólafur B. Kristinsson

Inga Björg Hjaltadóttir